

Hlynur Torfi Torfason
Kaldrananeshreppur
Holtagötu
520 Drangsnes

Garðabær, 12. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0063
IAS

Efni: Lýsing, breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030.

Vísað er í erindi frá Kaldrananeshreppi, í gegnum skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 vegna frístundabyggðar á Skarði og stækkunar íbúðasvæðis á Drangsnesi.

Sett er fram skipulagslýsing vegna tveggja deiliskipulaga og tveggja breytinga á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030. Annarsvegar vegna frístundabyggðar á Skarði í Bjarnarfirði og hins vegar nýrra íbúðalóða við Vitaveg á Drangsnesi og minnkun á íþróttasvæði. Um er að ræða í báðum tilvikum leiðréttingu og breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir við þær leiðréttingar sem gerðar eru vegna misræmis í gildandi aðalskipulagi eða við þær breytingar sem gerður eru vegna stækkunar íbúðasvæðis á Drangsnesi.

Nýtt svæði fyrir frístundabyggð er fyrirhugað á túninu við Skarð sem er í eigu Kaldrananeshrepps. Samkvæmt gögnum frá Loftmyndum ehf virðist túnið ekki hafa verið nýtt undanfarin ár en það er á landi sem hefur verið ræst fram. Náttúrufræðistofnun hefur ekki skoðað umrætt svæði en þarna má reikna með talsverðu fuglalífi og ef ekki á að nýta túnin mætti skoða hvort þar væri hægt að endurheimta votlendi í stað fyrirhugaðrar frístundabyggðar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

